



Ársreikningur Bygðastofnunar 2019

Ársreikningur Bygðastofnunar fyrir árið 2019, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 20. mars 2020

Hagnaður ársins nam 95,4 milljónum króna. Eiginfjárlutfall í lok árs skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 19,25%.

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Helstu niðurstöður úr ársreikningi Bygðastofnunar 2019

- Hagnaður ársins nam 95,4 milljónum króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 19,25% en skal að lágmarki vera 8% auk 1,75% sveiflujöfnunarauka og 2,5% verndunarauka, eða samtals 12,25%. Þann 1. febrúar 2020 hækkaði sveiflujöfnunarauki í 2,0% þannig að samanlögð krafa um eiginfjárauka er 12,5% frá 1. febrúar 2020. Þann 18. mars 2020 ákvað Fjármálastöðuleikanefnd Seðlabanka Íslands að aflétta 2% kröfu um sveiflujöfnunarauka fjármálafyrirtækja.
- Hreinar vaxtatekjur voru 509,5 milljónir króna eða 43,5% af vaxtatekjum, samanborið við 467,8 milljónir króna (42,6% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2018.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 551,4 milljónum króna samanborið við 520,1 milljón árið 2018.
- Eignir námu 16.475 milljónum króna og hafa hækkað um 1.589 milljónir frá árslokum 2018. Þar af voru útlán og fullnustueignir 13.850 milljónir samanborið við 12.113 milljónir í árslok 2018.
- Skuldir námu 13.259 milljónum króna og hækkuðu um 1.494 milljónir á árinu.

Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl atvinnulífs á landsbyggðinni.

Bygðastofnun hefur reynt að meta áhrif COVID-19 veirunnar á lánasafn stofnunarinnar en talið er að áhrifin verði mest hjá lántakendum hennar í ferðaþjónustu, en lán til þeirrar greinar nema um 4 milljörðum króna. Stofnunin telur að áhrifin geti haft allt að 500 mkr. neikvæð áhrif á sjóðstreymi á árinu 2020, að því gefnu að ekkert verði greitt af lánunum í ferðaþjónustu og allt að 500 mkr. á árinu 2021 og hefur samgöngu- og



sveitarstjórnarráðuneytinu verið gerð grein fyrir því. Áhrifin verða fyrst mest á sjóðstreymi stofnunarinnar en gætu orðið seinna á rekstur og efnahag. Stofnunin er þó vel í stakk búin að mæta þessu áfalli þar sem efnahagur hennar er sterkur og hún hefur næga lántökuheimild.

Þá mun ákvörðun Fjármálastöðuleikanefndar Seðlabanka Íslands um að aflétta 2% kröfu um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki auðvelda stuðning stofnunarinnar við fyrirtæki sem lenda í vanda.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Bygðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr ársreikningi og samanburður við fyrri ár

| | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 |
|------------------------------------|------------------|------------------|----------------|----------------|----------------|
| | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. | Þús. kr. |
| Rekstrarreikningur | | | | | |
| Vaxtatekjur..... | 1.172.444 | 1.098.491 | 855.106 | 805.887 | 837.787 |
| Vaxtagjöld..... | 662.991 | 630.646 | 428.828 | 375.330 | 382.996 |
| <i>Hreinar vaxtatekjur.....</i> | <i>509.454</i> | <i>467.845</i> | <i>426.278</i> | <i>430.558</i> | <i>454.791</i> |
| Rekstrartekjur..... | 645.486 | 616.573 | 549.588 | 509.380 | 385.120 |
| <i>Hreinar rekstrartekjur.....</i> | <i>1.154.940</i> | <i>1.084.418</i> | <i>975.866</i> | <i>939.937</i> | <i>839.911</i> |
| Rekstrargjöld..... | 1.059.525 | 971.031 | 876.235 | 782.821 | 741.021 |
| Hagnaður ársins..... | 95.415 | 113.387 | 99.631 | 157.116 | 98.891 |

Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbr. hlutafjár

| | | | | | |
|---|---------|---------|---------|--------|--------|
| Framl. í afskriftarr. útlána og matsbr. hlutaf... | 182.258 | 114.851 | 111.179 | 83.184 | 61.012 |
|---|---------|---------|---------|--------|--------|

| Efnahagsreikningur | 31.12.2019 | 31.12.2018 | 31.12.2017 | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|-----------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Eignir | | | | | |
| Bankainnistæður..... | 474.679 | 1.102.471 | 1.089.861 | 2.757.542 | 3.081.232 |
| Útlán til viðskiptavina..... | 13.850.098 | 12.113.274 | 10.463.653 | 9.679.575 | 9.638.018 |
| Fullnustueignir..... | 441.010 | 347.510 | 340.510 | 445.552 | 669.510 |
| Veituhlutabréf..... | 585.845 | 571.706 | 594.926 | 683.414 | 372.768 |
| Hlutdeildarfélög..... | 682.252 | 642.237 | 576.288 | 499.258 | 574.736 |
| Skuldunautar..... | 26.599 | 29.713 | 14.147 | 18.689 | 25.127 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir..... | 414.975 | 79.403 | 53.858 | 56.194 | 55.384 |
| Eignir samtals..... | 16.475.459 | 14.886.313 | 13.133.244 | 14.140.223 | 14.416.775 |

| | | | | | |
|-------------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Skuldir og eigið fé | | | | | |
| Lántökur og skuldabréfaútgáfur..... | 13.014.318 | 11.504.095 | 9.920.045 | 11.003.741 | 11.495.402 |
| Óráðstöfuð framlög..... | 119.710 | 123.593 | 130.852 | 141.783 | 120.629 |
| Aðrar skuldir..... | 125.336 | 137.944 | 75.053 | 87.037 | 50.197 |
| Skuldir samtals..... | 13.259.364 | 11.765.633 | 10.125.951 | 11.232.561 | 11.666.228 |

| | | | | | |
|---|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Eigið fé..... | 3.216.095 | 3.120.680 | 3.007.293 | 2.907.663 | 2.750.547 |
| Skuldir og eigið fé samtals..... | 16.475.459 | 14.886.313 | 13.133.244 | 14.140.223 | 14.416.775 |

| Sjóðstreymi | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 |
|--|-----------------|------------------|-------------------|------------------|------------------|
| Handbært fé (-til) frá rekstri..... | 427.163 | 248.164 | 290.075 | 241.768 | 207.394 |
| Fjárfestingarhreyfingar..... | -2.220.233 | -1.327.614 | -765.620 | -738.880 | 373.684 |
| Fjármögnunarhreyfingar..... | 1.165.279 | 1.092.060 | -1.192.136 | 173.422 | 437.466 |
| <i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé.....</i> | <i>-627.791</i> | <i>12.610</i> | <i>-1.667.681</i> | <i>-323.690</i> | <i>1.018.544</i> |
| Handbært fé í ársbyrjun..... | 1.102.471 | 1.089.861 | 2.757.542 | 3.081.232 | 2.062.688 |
| Handbært fé í árslok..... | 474.679 | 1.102.471 | 1.089.861 | 2.757.542 | 3.081.232 |

| | | | | | |
|---|--------|--------|--------|--------|--------|
| Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði | 19,25% | 21,45% | 23,57% | 22,74% | 21,56% |
|---|--------|--------|--------|--------|--------|